

Finnur Birgisson,
Skipulagsstjóri Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Umhverfisstofnun
Áb. _____
06 JULI 2009
54.22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. júní 2009
Tilvísun: UST20090400095/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002 - 2024. Háspennulínur og tengivirki á Sandskeiði

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Mosfellsbæjar er barst 24. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024. Suðvesturlínur. Tillagan felur í sér framkvæmdir sem eru áfangi í langtímauppbyggingu raforkuflutningakerfis á Suðvesturlandi. Breyting á aðalskipulagi felst í eftirfarandi: Skilgreint er iðnaðarsvæði, 5 ha að stærð á Sandskeiði, þar sem áætlað er að reisa tengivirki. Svæðið er nú skilgreint í aðalskipulagi sem opið óbyggt svæði og er á fjarsvæði vatnsverndar. Tillaga að breytingum á raforkulínum verða eftirfarandi: Sogslína 2 er tekin út og eftirstandandi lína milli Sandskeiðs og Geitháls verður Sandskeiðslína 2. Tvær nýjar línur frá tengivirki verða Búrfellslína 3 og Sandskeiðslína 1. Frá tengivirki til austurs eru 3 nýjar línur, Búrfellslína 3 sem er óbreytt, Kolviðarhóslína 1 sem er endurbyggð og Kolviðarhóslína 2 sem er ný lína.

Tilgangurinn með breytingunum er að byggja upp raforkuflutningakerfið svo það verði í stakk búið til að mæta framtíðaráformum um orkuflutninga á svæðinu. Skipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Staðhættir

Sandskeiðslína 2 liggur um land Mosfellsbæjar sunnan Selvatns. Búrfellslína 3, Sandskeiðslína 1 og Kolviðarhóslína 2 liggja í suðvestur samsíða núverandi Búrfellslínu 3, svo rask og stígagerð vegna þeirra verður minni en ella.

Umhverfisáhrif


Háspennulínur af þeirri stærð sem hér er áætlun um munu hafa mikil sjónræn áhrif og áhrif á útivistargildi svæðisins þar sem þær fara um. Umhverfisstofnun telur þó þessa áætlun ásættanlega þar sem línur verða lagðar eftir leið eldri lína. Varðandi frekari umsögn um umhverfisáhrif bendir Umhverfisstofnun á umsögn stofnunarinnar um heildarframkvæmd línulagnarinnar dagsett 25 júní sl.


Niðurstaða

Leggja á tvöfalda línu og stækka línu sem fyrir er frá Sandskeiði að Hamranesi og

Hrauntungum og á þeirri leið verður farið gegnum land Mosfellsbæjar. Í greinargerð og umhverfisskýrslu kemur fram að línuleiðirnar verða samsíða svo rask og stígagerð verði haldið í lágmarki. Umhverfisstofnun telur því áætlunina vera ásættanlega. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda áætlun en telur að undirbúningur og vinnubrögð við framkvæmdina sjálfa þurfi að vera mjög vönduð.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri

Skipulagsstofnun